



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Hvernig kaupa skal ópíum í Beijing

Marghliða gagnrýni 55 Days at Peking á samskipti milli Kína og Bandaríkjanna

Ritgerð til BA -prófs í kínverskum fræðum

Ragnar Bergmann Traustason

Maí 2015

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Kínversk fræði

Hvernig kaupa skal ópíum í Beijing

Marghliða gagnrýni 55 Days at Peking á samskipti milli Kína og Bandaríkjanna

Ritgerð til BA/MA-prófs í kínverskum fræðum

Ragnar Bergmann Traustason

Kt.: 170976-5769

Leiðbeinandi: Geir Sigurðsson

Mái 2015

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Ágrip..... | 2 |
| Táknræn samskipti..... | 3 |
| Allar kvikmyndir eru pólitískar..... | 4 |
| Kvikmyndir og heimssaga..... | 5 |
| 55 Days at Peking..... | 9 |
| Bandaríkin kynnt til sögunnar..... | 13 |
| Samskipti og deilur..... | 16 |
| Kóreu-stríðið og áframhaldandi deilur..... | 18 |
| Hver er óvinurinn?..... | 20 |
| Niðurlag..... | 23 |
| Heimildaskrá..... | 25 |
| Kvikmyndalisti..... | 27 |

Ágrip

Í þessari ritgerð ætla ég að taka fyrir kvikmyndina *55 Days at Peking* og skoða hvernig stjórnmál og heimssaga geta hafa áhrif á ímynd Kínverja eins og hún er framsett í bandarískum kvikmyndum. *55 Days at Peking* er tilvalið efni til að skoða í þessu samhengi. Myndin gerist á tímum Boxara-uppreisnarinnar í Beijing árið 1900 þegar útlendingahverfið í Beijing var umsetið í 55 daga. Atburðir og samskipti sem áttu sér stað í kjölfar stofnun Alþýðulýðveldisins Kína eru tengdir við atburði kvikmyndarinnar og reynt að túlka hver ímynd Kínverjans er í Bandaríkjunum árið 1963. Skoðuð eru sérstaklega samskiptin á milli Kína og Bandaríkjanna og rætt um vísanir *55 Days at Peking* sem ná frá óþím-stríðunum til ársins 1957. Útfærslan er oft táknræn, þar sem tengdir eru saman atburðir Boxara uppreisnarinnar við samskipti og deilur í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar.

Táknræn samskipti

Þjóðir, líkt og einstaklingar, fæðast og öðlast sjálfsvitund á samskiptum sínum við aðrar þjóðir. Jafnframt má halda því fram að vitneskjan ein og sér um aðrar þjóðir eða annað stjórnarfyrikomulag sé óaðskiljanlegur þáttur í mótun sjálfsmýndar þjóðar. Í tilfalli Kína er því hægt að segja að sjálfsvitund þjóðarinnar í seinni tíð hafi til að mynda mótast alveg jafnmikið af keisarátímabilunum líkt og samskiptum við aðrar þjóðir. Öll þessi samskipti og viðhorf móta síðan ímynd, bæði eigin sjálfsvitundar og annara. Þessar kenningar hafa verið unnar upp úr rannsóknum félagsfræðinganna og heimspekinganna George Herbert Mead (1863-1931) og John Dewey (1859-1952) um þróun einstaklings í félagsveru í gegnum samskipti. Það felur í sér að „ný reynsla er túlkuð í ljósi hinnar eldri“ og að „ný reynsla er síuð í gegnum eldri reynslu sem hefur fest sig í hug okkar sem táknmyndir“.¹ Þessar kenningar Meads og Dewey hafa oftast verið kallaðar táknbundin samskipti. Sjálfið mótast frá upphafi út frá umhverfinu og frumuppalanda, en í tilviki Kína er hægt að líta á frumuppalandann sem keisaraveldin, þá sérstaklega Qing-stjórnina sem stjórnaði Kína frá 1644 til 1912. Bandaríkin varð sjálfstæð þjóð árið 1776 og mótast mest af samskiptum sínum við Breta. Til að greina á milli sjálfs síns og annarra í félagslegum samskiptum verður viðkomandi að geta sett sig í spor annarra. Mead kallaði þennan hæfileika; „að skipta um hlutverk.“² Í beinu framhaldi þróa einstaklingar með sér annan hæfileika sem Mead kallaði „að skipta um sjónarhorn.“³

Þessi hæfileiki þróast fyrst í nánnum samskiptum við fjölskylduna en heldur svo áfram að þróast við leik og störf. Hegðun þróast frá leikjum yfir í störf og í því ferli „temja börn sér að skynja hið almenna í viðbrögðum annarra“ en Mead kallaði þessa hegðun; „alhæfingin um hinn aðilann.“⁴

Þegar skoðaðar eru þjóðir og samskipti þeirra á milli þá getur ýmislegt áhugavert komið í ljós. Í tilfalli Kína og Bandaríkjanna þá eru þær báðar ungar þjóðir en ekki bara þjóðir heldur í báðum tilvikum eru þetta stórveldi. Þar af leiðandi er tilvalið að skoða samskipti milli þessara þjóða út frá táknbundnum samskiptum og hvernig hugmyndir, þá sérstaklega bandarískar hugmyndir um „hinn aðilann“ (e. the Other)

1 Gestur Guðmundsson, *Félagsfræði menntunar – Kenningar, hugtök, rannsóknir og sögulegt samhengi*, 2. útgáfa, Reykjavík: Skrudda, 2012, bls. 41.

2 Sama heimild, bls. 40.

3 Sama heimild, bls. 41.

4 Sama heimild, bls 41.

mótast.

Allar kvikmyndir eru pólitískar

Það var árið 1969 sem Jean-Louis Comolli (1941) og Jean Narboni (1937) skrifuðu að „allar kvikmyndir eru pólitískar, að því leyti að þær eru skilyrtar af þeirri hugmyndafræði sem framleiðir þær (eða sem þær eru framleiddar innan, enginn munur er á þessu tvennu)“.⁵ Það sem Comolli og Narboni voru að reyna að útskýra fyrir „leikmönnum“ er hvernig allar kvikmyndir eru og munu alltaf vera pólitískar því að þær eru „afurð sem er framleidd innan ákveðins efnahagskerfis.“⁶ Allir þeir sem starfa að gerð kvikmynda og þeir sem fjármagna þær eru starfsmenn kvikmyndaiðnaðarins. Afurðin er síðan seld eftir lögmálum markaðarins og verður því að verslunarföru. Kvikmyndin er því hugmyndafræðileg afurð vegna þess að hún er efnisleg afurð. Starfið sjálft, þ.e.a.s. kvikmyndagerðin, er efnislega afurðin meðan fræðin á bakvið starfið og það sem birtist okkur á hvíta tjaldinu er hinn hugmyndafræðilegi liður. Comolli og Narboni halda því einnig fram að „kvikmyndin sé mun háðari hugmyndafræði en aðrar listgreinar því að framleiðsla þeirra hefur svo mikil áhrif á efnahaginn.“⁷ Ég tel að þessi orð Comolli og Narboni séu að verða sannari með hverju árinu. Í dag eru „góðar“ kvikmyndir oft á tíðum aðgreindar frá hinum „slæmu“ eingöngu með því að skoða miðasölu. Max Horkheimer (1895-1973) og Theodor W. Adorno (1903-1969) sögðu árið 1947 að „kvikmyndir og útvarp þurfa ekki lengur að gefa sig út fyrir að vera list. Þann sannleika að þau eru ekkert annað en viðskipti nota þau sem hugmyndafræði til að réttlæta vísvitaða framleiðsluna á skraninu“.⁸ Þessi orð eru í gildi enn þann dag í dag en einnig á þann veg að hugmyndafræðin er jafnframt notuð til að gagnrýna „vísvitaða framleiðsluna“ eða jafnvel gagnrýna áhrif réttlætningarinnar. „Hversu kerfisbundið þetta kerfi er orðið má sjá af því að á endanum verða vélrænt aðgreindar afurðirnar allar eins.“⁹ Öllum afurðunum er skipt niður í mismunandi flokka sem eiga að ná hver til síns markhóps svo allir geti fengið sinn skammt af menningariðnaðinum. Horkheimer og Adorno telja upp fjögur atriði sem allar kvikmyndir innan kerfisins hafa. Í fyrsta lagi eru þær fyrirsjáanlegar, alltaf er hægt að gera sér grein fyrir hvernig málum er háttað

5 Comolli, Jean-Louis og Narboni, Jean. „Kvikmyndir, hugmyndafræði, gagnrýni.“ *Áfangar í kvikmyndafræðum* ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003, bls. 273.

6 Sama heimild, bls. 272.

7 Sama heimild, bls. 273.

8 Horkheimer, Max og Adorno, Theodor W., „Menningariðnaður. Upplýsing sem múgsefjun“ *Áfangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003, bls. 234.

9 Sama heimild, bls. 235.

innan söguheimsins, hverjum er hampað, hverjum er hegnt. Í öðru lagi gera þær lítinn mun á raunveruleika og blekkingu, eða líkt og þeir segja sjálfir: „Lífið á smám saman að verða óaðgreinanlegt frá talmyndini.“¹⁰ Í þriðja lagi inniheldur myndin mikinn hraða svo áhorfandinn hafi minni tíma til að virkja eigin hugsun því ef hann gerir það þá er möguleiki að hann missi af staðreyndum sem birtast honum á hvíta tjaldinu. Í fjórða lagi er það innræting iðnaðarins. Í gegnum markaðslögmálin hefur iðnaðurinn náð algjöru valdi á mönnum og er búinn að tryggja að neysla afurðanna er örugg, jafnvel þótt neyandinn sé að hugsa um eitthvað allt annað.¹¹

Menningariðnaðurinn stýrir neyslu okkar á kvikmyndum á þann hátt að við erum öll búinn að læra hvert á að beina athygli innan hvers mynddramma þannig við ósjálfrátt bregðumst við og meðtökum það sem myndin sýnir okkur. Oft á tíðum þýðir það að við erum að samþykkja fleiri en eina hugmyndafræði innan sömu kvikmyndarinnar, það getur verið eitt yfirþema og svo undir því er falið undirþema sem er jafnvel miklu harðari gagnrýni en yfirþemað. Við samþykkjum meðvitað forsendur yfirþemans á sama tíma og boðskapur undirþemans mótar okkar skoðanir gagnvart efninu undir niðri. Það er þessi tvöfalda virkni, þegar „ópólitískt innihald er á yfirborðinu en öðlast pólitískt vægi vegna ádeilunnar sem felst í forminu“¹² sem kvikmyndir hafa hvað mest áhrif á mótandi hugmyndafræði samfélagsins. Í kvikmyndum Hollywood er raunveruleikinn ávallt mótaður úr ríkjandi hugmyndafræði því „tæki og aðferðir kvikmyndagerðar tilheyra „raunveruleikanum““.¹³

Kvikmyndir og heimssaga

Frá upphafi kvikmyndagerðar hefur fortíðin ávallt verið vinsælt viðfangsefni. Sagnfræðingar ásamt þeim sem skrifa um sagnfræði hafa í gegnum tíðina litið á sagnfræðilegar kvikmyndir sem „óvin sem skapar sýn á sögu og hafa gríðarmikil og fyrirfram óákveðin áhrif á áhorfendur.“¹⁴ Sagnfræðilega kvikmynd má skilgreina sem „sjónræna endursögn atburða, fólks eða staðar, sem á sér einhverja stoð í

10 Horkheimer og Adorno, bls. 239.

11 Sama heimild, bls. 239.

12 Commoli og Narboni, bls. 277.

13 Sama heimild, bls. 274.

14 Salmi, Hannu. „Film as Historical Narrative“ úr *Film-Historia*, Vol. V, 1995, bls. 45.

raunveruleikanum.¹⁵ Kvikmyndir sýna ekki einungis það sem sést á hvíta tjaldinu heldur einnig láta þær í ljós upplýsingar um „skoðanir, hugmyndafræði, hugmyndir og sýn þess sem gerir myndina.“¹⁶ Þar af leiðandi er hægt að líta á kvikmyndir sem endurspeglun hugmyndafræði þeirrar menningar sem framleiðir kvikmyndina. Bandarískar kvikmyndir sem sýna atburði í eða um Kína geta því sagt okkur heilmikið um það hvernig Bandaríkjamenn horfa til Kína og Kínverja.

Afurðir afpreyingarmenningar, líkt og kvikmyndir, eru einn af stærstu áhrifavöldum í að móta viðhorf og hugmyndir almennings gagnvart öðrum menningarheimum. Fæstir Bandaríkjamenn áttu í beinum samskiptum við Kína eða Kínverja á sjöunda áratugnum og má heimfæra það upp á flestar evrópskar þjóðir. Þess vegna er sú birtingarmynd sem sést á hvíta tjaldinu mikilvægur þáttur í að skapa þessa ímynd og viðhorf sem Vesturlandabúar hafa til Kína.

Sjöundi áratugurinn er einkar áhugaverður til að skoða hvernig birtingarmynd Kína og Kínverjar fá í augum Hollywood. Frá stofnun Alþýðulýðveldisins Kína (*Zhōnghuá Rénmín Gònghéguó* 中华人民共和国) þann 1. október 1949 höfðu Bandaríkin og Kína eldað grátt silfur saman í gegnum stormasaman sjötta áratuginn sem hefði óneitanlega getað leitt alla heimsbyggðina til eyðileggingar vegna kjarnorkuógnar bæði frá Bandaríkjamönnum og Sovétmönnum sem voru bandamenn Kínverja.

Eftir að Kína og Sovétríkin skrifa undir Sameiginlega aðstoðar-, bandalags- og vináttusamninginn (e. Treaty of Friendship, Alliance and Mutual Assistance) mögnuðust deilurnar milli allra aðila. Upp úr þeim steig öldungardeildarþingmaðurinn Joseph McCarthy (1908-1957) með sínar alræmdu ásakanir um kommúnista í utanríkisráðuneytinu í febrúar 1950. Þessar ásakanir urðu síðan upphafið að „rauðu hættunni“ (e. Red Scare) í Bandaríkjunum og átti eftir að hafa gríðarleg áhrif á ímynd Kínverja sem og allra kommúnista í heiminum.¹⁷

Kínverski kommúnistaflokkurinn 共产党 (Gòngchǎndǎng, CCP) gerði raunar upphaflega tilraun til að eiga eðlileg samskipti við Bandaríkin. Í maí og júní árið 1949 sendi Mao Zedong (Máo Zédōng 毛泽东 1893-1976) fulltrúa CCP til viðræðna við John Leighton Stuart (1876-1962) sem var sendiherra Bandaríkjanna í Kína á þessum árum.¹⁸ Hugmyndin var að stofna til vinalegra samskipta á milli þjóðanna. Mao sagði í

15 Salmi, bls. 46.

16 Sama heimild, bls. 46.

17 Tekinn var sérstaklega fyrir Owen Lattimore (1900-1989) sem var mikils metinn Austurlandafræðingur en hann var ásakaður um að vera æðsti njósnari Sovétmanna annað hvort í Bandaríkjunum, utanríkisráðuneytinu eða bæði. Sjá Hamby, Alonso. <http://millercenter.org/president/truman/essays/biography/5> fengið þann 20/3/2015.

18 Nakajima, Mineo, „Foreign Relations: from the Korean War to the Bandung.“ úr *The Cambridge History of China*

ræðu 15. júní 1949 að: „Kínverjar vilja eiga í friðsamlegum samskiptum við fólk allra þjóða og vilja byrja á ný að auka utanríkisviðskipti til að efla framleiðslu og auka efnahagslega velmegun.¹⁹ Mao virtist því á þessum tímapunkti tilbúinn til að setjast niður með Bandaríkjamönnum og ræða við þá á vinalegum nótum. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna Dean Acheson (1893-1971) hafnaði þessu boði og sagði í skeyti sínu til Stuart 30. júní að Bandaríkin höfðu engan áhuga á að ræða við kínversku kommúnistaleiðtogana en sama dag birtist grein eftir Mao í mál gagni CCP, *People's Daily* (Rénmín Ribào, 人民日报), þess efnis að Alþýðulýðveldið Kína myndi „halla sér í aðra áttina“, þá í átt Sovétríkjanna.²⁰ Mao var því búinn að ákveða að taka stöðu með Sovétríkjunum áður en svar barst frá Bandaríkjunum, því var ekki mikil alvara sem fylgdi þessum tilraunarsamskiptum milli þjóðanna. Mao segir í greininni að það sé nauðsynlegt að halla sér í aðra áttina, það var lærdómurinn sem CCP hafði lært á fjórtíu ára reynslu Sun Yat-sen (Sūn Zhōngshān 孙中山 1866-1925) og tuttugu og átta ára reynslu CCP að „allir Kínverjar verða að taka afstöðu annað hvort með heimvaldastefnu eða með sósíalisma.“²¹ Það voru Sovétmenn sem fyrstir viðurkenndu hið nýja Alþýðulýðveldi Kína 2. október 1949 og næstu daga gerðu bandamenn Sovétmanna slíkt hið sama, 3. október var það Rúmenía og Búlgaría, 4. október voru það Pólland, Ungverjaland og Tékkóslóvakía og svo framvegis.²² Kínverjar ákváðu því að taka afstöðu með Sovétríkjunum. Stuart segir í ævisögu sinni: „Við Bandaríkjamenn sáum mest góða hluti um kínversku kommúnistana, við tókum ekki eftir óþoli, þröngsýni, svikum né lítilsvirðingu fyrir mannlífum og fleira böll sem fylgja einræðissamfélögum.“²³ Það má því draga þá ályktun að meðan Stuart var í Kína hafi hann haft góða reynslu af Kínverjum og kínverskum kommúnistum en eftir að hann er kallaður til baka til Bandaríkjanna hafi hugmyndir hans breyst því hann var kallaður heim 2. ágúst 1949 svo hann hefur ekki upplifað langan tíma í Kína undir kommúnistastjórn.²⁴

– *Volume 14. The People's Republic, Part I: The Emergence of Revolutionary China 1949-1965*, ritstj. Denis Twitchett og John K. Fairbank. Cambridge: Cambridge University Press, 1987, bls. 263.

19 Nakajima, bls. 263.

20 Sama heimild, bls. 264.

21 Sama heimild, bls. 264.

22 Cheng, Peter, *A Chronology of the People's Republic of China – from October 1, 1949*, Totowa: Littlefield, Adams & Co., 1972, bls. 1.

23 Stuart, John Leighton. *Fifty Years in China – The Memoirs of John Leighton Stuart, Missionary and Ambassador*, New York: Random House, 1954, bls 237.

24 Eins er vert að taka fram að Stuart fékk heilablóðfall áður en hann gat klárað ævisöguna þannig að það er möguleiki að „draugarithöfundur“ hafi skrifað þessi orð og verið undir þrýstingi í Bandaríkjunum að birta neikvæða mynd af kommúnistum.

Bandaríkin höfðu átt í góðum samskiptum við Kína undir stjórn Þjóðernisfylkingarinnar (Guómíndǎng 国民党) fyrir stofnun Alþýðulýðveldisins og það er að mörgu leyti ástæða þess að Mao og leiðtogar CCP vildu sem minnst eiga í samskiptum við Bandaríkin. Stofnun Alþýðulýðveldisins Kína undir stjórn kommúnista kom eins og köld vatnsgusa framan í Bandaríkjamenn. Fáum hefði dottið í hug að kommúnistar ættu eftir að hafa yfir á móti Chiang Kai-shek (Jiǎng Jièshí 蒋介石 1887-1975) og fylgismönnum hans í Guomindang. Bandaríkin höfðu eytt gríðarlegum fjármunum til stuðnings Guomindang og reyndu hvað þeir gátu til að sjá til þess að Chiang Kai-shek héldi völdum eftir lok heimsstyrjaldarinnar. Um sex milljarðar dollara fóru í stuðning til Guomindang, mest hergögn en það dugði ekki til og Bandaríkin enduðu með því að horfa upp á liðsmenn CCP keyra inn í Beijing í bandarískum jeppum og öðrum farartækjum sem þeir höfðu tekið af uppgjafar Guomindang-liðum.²⁵

Í kjölfar ósigurs Chiang Kai-shek og Guomindang-liða urðu uppi miklar deilur í Bandaríkjunum varðandi málefni Kína. Repúblíkanar ásökuðu demókrata um linkind og áhugaleysi gagnvart málefnum tengdum Kína. Deilurnar snerust um það hvort Bandaríkin höfðu „tapað“ Kína sem bandamanni og eins um það hvort áherslur í utanríkisstefnu ættu að snúa að Evrópu eða Asíu. Þann 5. ágúst 1949 gaf ríkisstjórn Harrys Truman (1884-1972) út skýrslu sem átti að lýsa stefnu Bandaríkjanna gagnvart Kína og færa rök fyrir þeim. Mánuði áður hafði bandaríska þingið gefið grænt ljós á 150 milljón dollara fjárhagslegan styrk til Suður-Kóreu til að sporna gegn útbreiðslu kommúnisma í Kóreu.²⁶ Þessi styrkur hefur án efa verið þáttur í ákvörðun Mao að hallast í átt til Sovétmanna í grein sinni sem birtist 30. júní í *People's Daily*. Acheson utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði að „það væri ekkert sem Bandaríkin gátu gert innan viðráðanlegra marka“ sem hefði getað breytt útkomu borgarastríðsins.²⁷ Maður verður því að spyrja sjálfan sig, af hverju, ef Bandaríkin gátu engu breytt, var ríkisstjórn Chiang Kai-shek látin fá 6 milljarða dollara stuðning til að berjast gegn CCP? Vissulega var þetta fjármagn einnig til að sporna gegn innrás Japana í Kína en það fór ekki framhjá neinum að á meðan borgarastríðið var í fullum gangi voru liðsmenn Guomindang ekki síður að berjast við liðsmenn CCP en við Japaní.²⁸ Bandaríkjamenn

25 Rodzinski, Witold, *The People's Republic of China – A Concise Political History*. New York: The Free Press, 1988, bls. 28.

26 Geselbracht, Raymond, „The Truman Administration During 1949: A Chronology“. Sótt þann 20/3/2015 af: <http://www.trumanlibrary.org/chron/49chron2.htm>.

27 Sama heimild.

28 Spence, Jonathan D., *The Search for Modern China*. 3ja útgáfa. New York: W.W. Norton & Company, 2013, bls. 414. Upphaf átaka á meðan barist var við Japaní telst vera „New Fourth Army“ atburðurinn í ársbyrjum 1941 þegar Guomindang-liðar drápu um 3000 liðsmenn kommúnista.

reyndu raunar að miðla málum milli Guomindang og CCP undir lok seinni heimsstyrjaldarinnar í Dixie leiðangrinum. Dixie leiðangurinn snerist um að koma upp samskiptum milli Bandaríkjanna og CCP til að koma til hjálpar bandarískum flugmönnum sem höfðu verið skotnir niður yfir kínversku yfirráðarsvæði í baráttu sinni við Japani.²⁹ Viðræðurnar þróuðust síðar yfir í að Bandaríkjamenn ætluðu að útvega CCP vopn og birgðir ásamt því að hjálpa til í viðræðum Guomindang og CCP til að laga stjórnarskipulagið í Kína. Mao samþykkti samninginn en Chiang Kai-shek harðneitaði því hann vildi ekki að CCP yrði viðurkenndur sem stjórn málafl.³⁰ CCP fékk því nýtt tilboð frá bandarískum stjórnvöldum en því var neitað. Mao tók það ekki í mál að hafa gert samning sem síðar átti að breyta sem olli því að CCP var að fá minni völd en í upphaflega samningum.³¹

55 Days at Peking

Kvikmyndin *55 Days at Peking* í leikstjórn Nicholas Ray (1911-1979) var framleidd árið 1963 af Samuel Bronston Productions. Þetta var önnur myndin sem Ray leikstýrði fyrir Samuel Bronston Productions, sú fyrri var *King of Kings* árið 1961 en Ray hafði unnið sér það til frægðar í Hollywood að hafa leikstýrt þekktum kvikmyndum eins og *In a Lonely Place* (1950) sem skartaði Humphrey Bogart (1899-1957), *Johnny Guitar* (1954) með Joan Crawford (1905-1977) og síðast en ekki síst *Rebel Without a Cause* (1955) með James Dean (1931-1955). Bæði *55 Days at Peking* og *King of Kings* eiga þær sameiginlegt að hafa verið kvikmyndaðar að mestu leyti á Spáni. Ástæður þess að myndin var tekin á Spáni voru að öllu leyti fjárhagslegar. Í Evrópu á þessum tíma voru sett lög í mörgum löndum til höfuðs bandarískum kvikmyndum sem áttu að auka innlenda kvikmyndaframleiðslu. Löggin gengu út það að hagnaður bandarískra mynda í Evrópu fékk ekki að fara til Bandaríkjanna, en þess vegna fóru bandarísk kvikmyndaver að nota peninginn sem fékkst í hverju landi fyrir sig til að framleiða kvikmynd í því landi sem hagnaðurinn kom.³²

29 Jones, Louis. „The „Dixie Mission“ to the Communist Chinese.“ úr *40th Bomb Group Association Memories*. 14. tölublað, mars 1987.

30 Short, Philip. *Mao: A Life*, New York: Henry Holt and Company, 2000, bls. 398.

31 Sama heimild, bls. 398.

32 Thompson, Kristin og Bordwell, David. *Film History. An Introduction*, New York: McGraw-Hill Higher Education, 2010, bls. 326.

Í stuttu máli fjallar myndin um atburði sumarsins 1900 í Beijing þegar uppreisn hinna svonefndu Boxara (Yihétuán 义和团 sem lauslega þýðist sem Réttlátu og samhljóma hnefarnir) var í hámarki. Diplómatar og fylgdarlið þeirra og hermenn tólf þjóða lentu í umsátri í útlendingahverfinu (e. Foreign Compound) í Beijing þegar Boxararnir gerðu áhlaup á borgina.

Það er ævinlega vert að skoða sérstaklega upphaf allra kvikmynda, þar er kynnt til sögunnar sögusviðið. Upphafið setur ákveðnar forsendur fyrir framhaldið, til að mynda sést oftast strax í upphafi hvers kyns raunveruleikablær er yfir myndinni og oft er hægt að gera sér grein fyrir því hversu viðamikil eða lítil framleiðslan er.

Myndin byrjar á yfirlitsskoti þar sem litið er yfir útlendingahverfið í Beijing. Sýnt er þegar mismunandi þjóðir eru að draga fána á hún meðan spilaður er þjóðsöngur hvernar þjóðar. Lokaskot upphafsatriðsins er svo þegar myndavélinni er beint að tveimur eldri Kínverjum sem eru að borða. Annar Kínverjinn spyr hinn hvað sé um að vera varðandi þennan hávaða. Þá svarar hinn að þetta séu erlendar þjóðir, allar að segja sama hlutinn: „Við viljum Kína.“

Gamli Kínverjinn er ekkert langt frá sannleikanum. Á þessum árum voru nær allar stórþjóðir með einhvers konar starfsemi í Kína. Eftir ópíumstríðin fengu erlendar þjóðir aðgang að fjöldamörgum hafnarborgum við austurströnd Kína ásamt því að fá aðgang að Beijing sem hafði verið lokað útlendingum fyrir þann tíma.³³ Erlendu þjóðirnar höfðu lengi viljað fá búsetturétt í Beijing til að vera nær keisaranum því í gegnum aldirnar þurfti að fara í gegnum ótal milliliði til að fanga eyra keisarans. Það er óhætt að segja að ópíumstríðin hafi opnað Kína fyrir vestrænum áhrifum og gjörbreytt samskiptum milli Qing-stjórnarinnar og Vesturlanda. Í huga Qing-stjórnarinnar voru allir Vesturlandabúar villimenn, sama hvers lenskir þeir voru. Fyrir þeim kastaði himinninn skugga á jörðina, þessi skuggi var kínverska ríkið og það sem stóð fyrir utan skuggann var veldi villimannanna sem höfðu ekki blessun himinsins, þar af leiðandi er óhugsandi að útlendingur geti staðið jafnfætis keisaranum sem er sonur himinsins.³⁴ Eftir ópíum-stríðin neyddist Qing-stjórnin til að eiga í nánari samskiptum við vestrurveldin. Opnaðar voru 16 hafnir þar sem útlendingar máttu versla og þeir fengu leyfi til að byggja land, kirkjur og ráða til sín kínverskukennara. Allt þetta leiddi til þess að vestræn áhrif fóru að aukast mikið í öllum hafnarborgunum ásamt Beijing.

Næst er klippt yfir á götumynd þar sem sögumaður kynnir til sögunnar

33 Chesneaux, Bastid og Bergère, *China – From the Opium Wars to the 1911 Revolution*, þýð. Anne Destenay. New York: Random House, 1976, bls. 80.

34 Sama heimild, bls. 9

Forboðnu borgina. Meðan sögumaður kynnir umhverfið birtist áhorfandanum sjónarhorn þar sem horft er á inngangssvæði Forboðnu borgarinnar með augum manns er situr í vagni sem er borinn á öxlum fjögurra manna. Það sem fyrir augu ber er undirbúningur fyrir aftöku í hallargarðinum. Aftakan er stöðvuð af manninum í vagninum og síðar kemur í ljós að taka átti mann af lífi fyrir að skjóta á Kínverja sem voru að drepa kristna menn og útlendinga ásamt því að brenna kirkjur. Maðurinn sem stoppaði aftökuna var hershöfðinginn Ronglu (Rónglù 荣禄. Skv. eldri umritum: Jung-lu 1836-1903) er leikinn var af breska leikaranum Leo Genn (1905-1978). Ronglu er frægastur fyrir að hafa verið sá hershöfðingi sem hafði umsjón með vörnum Forboðnu borgarinnar. Honum hefur verið lýst sem dyggum stuðningsmanni Cixi keisaraynju (Cíxǐ Tàihòu 慈禧太后 1835-1908).³⁵ Ronglu segir við Cixi keisaraynju að það hafi verið hann sem skipaði skothríðina á mennina sem voru að drepa útlendinga og brenna kirkjur og þess vegna ætti hann að vera tekinn af lífi en ekki undirmaðurinn í hallargarðinum. Hér er án efa verið að gagnrýna dómskerfið í Kína á árum keisaraveldisins og refsingarnar sem fylgdu þeim.

Dómskerfið í Kína var ein af ástæðunum fyrir því að vesturveldin vildu fá úrlendisrétt inni samningana í kjölfar ópíumstríðanna. Úrlendisrétturinn fól í sér að borgarar vesturveldana í Kína voru dæmdir samkvæmt lögum sinna heimalands en ekki samkvæmt kínverskum lögum. Kínverjar voru ekki með hið hefðbundna regluverk sem vesturveldin studdust við. Dómsvaldið var í höndum héraðsins sem oft á tíðum túlkaði löginn mismunandi eftir því í hvaða héraði glæpurinn var framinn. Það var sérstakt ráðuneyti sem sá um lög er varða refsingar við glæpum, svokallað hegningarráðuneyti (xíngbù 刑部) og samkvæmt lögum þurfti keisarin eða keisaraynjan á þessum tíma að samþykkja allar aftökur.³⁶ Oft á tíðum var regluverkinu ekki fylgt að fullu og því uppreisnarmenn oft teknir af lífi án samþykkis hegningarráðuneytisins og jafnvel útlendingar sem frömdu glæpi voru teknir af lífi án samþykkis æðstu valda.³⁷ Það var héraðsdómarinn sem sá um rannsókn, dóm og refsingar og því gátu Vesturlandabúar, sem höfðu vanist því að sakborningur fái rétt til að verja sig fyrir framan kviðdóm eða óhlutdrægandómara, engan veginn sætt sig við kerfið sem var við lýði í Kína á þessum tíma. Það var enginn menntaður lögfræðingur í Kína. Dómari hvers héraðs hafði á sínum snærum undirmenn, sem oft á tíðum voru álitnir „sérfræðingar“ í lögum, sér til aðstoðar við rannsókn mála. Niðurstaða dómstóla var oft fyrirfram ákveðin áður en

35 *The Yi Ho Tuan Movement of 1900*, Beijing: Foreign Language Press, 1976, bls. 82.

36 Spence, bls. 122.

37 Sama heimild, bls. 122.

réttarhöldin byrjuðu og enduðu með játningu sakborningsins en til að vera viss um að játningin kæmi fram var oft notast við pyntingar á borð við þá að berja sakborninginn með spýtu í tíma og ótíma sem oftast var framkvæmt í fangelsinu þar sem viðkomandi var í haldi.³⁸

Maðurinn sem átti að taka af lífi í hallargarðinum var eins og áður kom fram dæmdur fyrir að skjóta á menn sem voru að drepa útlendinga og brenna kirkjur. Hann var hermaður undir forystu Ronglu og fékk skipun til að skjóta. Maður verður því að spyrja sig; af hverju er verið að taka þennan mann af lífi? Þeirri spurningu er ekki auðsvarað en það er þó hægt að finna ástæður fyrir því í sögu Kína. Sá sem var skotinn var meðlimur í óformlegum félagasamtökum sem kallaðir voru Boxaranir sem börðust gegn heimsvaldastefnu í héruðunum í kringum Beijing og magnaðist þessi barátta Boxarana uppí allsherjar uppreisn gegn útlendingum og erlendum áhrifum í Kína.. Rætur Boxara hreyfingarinnar var að finna í Shandong-héraði og var nafn hreyfingarinnar tilkomið vegna bardagalistar sem Boxaranir stunduðu ásamt því að þeir trúðu því að með göldrum hafi þeir verið ónæmir fyrir byssukúlum andstæðingana.³⁹ Boxarnir voru lágstéttafólk sem hafði búið við einkar kröpp kjör, langflestir voru bændur úr sveitinni sem tóku upp á því að standa saman. Uppskerubrestur árin á undan, síhækkandi skattar í kjölfar ópíumstríðana ásamt innrás Japana í Shandong-hérað árið 1894 sem og glæpaflokkar sem ógnuðu íbúum héraðsins áttu öll sinn þátt í að skapa þær aðstæður sem Boxarahreyfingin varð til úr. Eins hafði á árunum 1895-96 sprottið upp ótal erlendra verksmiðja í Kína sem bæði beint og grimmilega misnotaði það kínverska vinnuafl sem var til staðar ásamt því að hindra uppbyggingu kínverskrar iðnaðarframleiðslu.⁴⁰ Trúboðsstöðvar voru byrjaðar að spretta upp um gjörvallt Kína og var Shandong-hérað ekki undanskilið. Bara í Shandong-héraði var að finna yfir þúsund kirkjur og trúboðar þeir sem höfðu tekið upp kristna trú voru um 80.000 manns.⁴¹ Vegna fjöldans urðu kristnir menn og kirkjur þeirra ákveðin táknmynd heimsvaldastefnu í augum Boxaranna sem vert var að berjast gegn. Maðurinn sem átti að hálshöggva gæti mögulega átt að hafa verið í hópi manna sem skaut á Boxara í byrjun júní 1900 rúmlega tveimur vikum áður en Boxaranir gerðu áhlaup á Beijing og Tianjin og hægt að finna vísbendingar um í sögubókum.⁴²

38 Spence, bls. 122.

39 Sama heimild, bls. 222.

40 *The Yi Ho Tuan Movement of 1900*, bls 3.

41 Sama heimild, bls. 17.

42 Fairbank, John King og Goldman, Merle, *China: A New History*. 2. útgáfa. London: The Belknap Press of Harvard University Press, 2006, bls. 231.

Bandaríkin kynnt til sögunnar

Hershöfðinginn Ronglu fer á fund Cixi keisaraynju sem leikin er af bresku leikkonunni Flora Robson (1902-1984). Cixi var við völd í Kína frá því að sonur hennar Tongzhi 同治帝 (1856-1875) var gerður að keisara árið 1861 fram til andláts hennar árið 1908 og á þessu tímabili hafði hún full völd yfir Qing-stjórninni.⁴³ Á árunum 1875 til 1908 lét Cixi skipa Guangxu 光緒帝 (1871-1908) keisara en völd hans voru afar takmörkuð og árið 1898 gerði Cixi valdarán og lét setja Guangxu í stofufangelsi til dauðadags.⁴⁴ Þegar samtal Ronglu og Cixi er lokið kemur einkar áhugaverð myndflétta. Klippt er örsnöggt frá mið-nærmynd af Cixi yfir í skot þar sem sést Kínverji sveiflandi stóri sveðju og er greinilega að lífláta einstakling. En næsta skot eftir sveðjusveiflandi Kínverjann er andlitsmynd af aðalsögupersónu myndarinnar, majór Matt Lewis sem leikinn er af stjórnunni Charlton Heston (1923-2008). Það er líkt og sjónrænt sé verið að rjúfa öll tengsl milli Bandaríkjanna og Kína með þessari myndfléttu. Kínverjar og Bandaríkjamenn höfðu verið bandamenn þar til CCP náði völdum í Kína og því má halda því fram að þessi örsnögga myndflétta hafi verið framkvæmd til að undirstrika samskipta ágreining eftirstríðsárana.

Majór Matt Lewis birtist áhorfendum í andlitsskoti með kúrekahatt og af hljóðum handan mynddramma að dæma er hann greinilega ríðandi hesti, ásamt því að notast er við lágan vinkil í kvikmyndatökunni þannig áhorfandinn er að horfa upp til Lewis sem merkir hann sem ákveðið kennivald strax í upphafi. Síðan er klippt í stofnskot af umhverfinu þar sem Lewis sést ríða á undan herflokki sínum í gegnum lítið þorp. Þorpið er í algjörri andstæðu við það sem fyrirfinnst í Bandaríkjunum. Áhorfandanum birtast stórar hvítar styttur af af filum og hestum, strákofar og smávörusalar í tjöldum við götuna, allt framsett til að skapa sem mestar andstæður við hefðbundið bandarískt umhverfi og móta ákveðna exótík. Því má segja að kynning Bandaríkjamannsins í myndinni sé sú af nokkurs konar frelsishetju. Hesturinn og kúrekinn hafa lengi verið tákn frelsis í bandarískum vestrum, kúrekinn sem getur farið sínar eigin leiðir hvert sem hugur hans girnist. En í *55 Days at Peking* er kúrekinn hermaður og þar af leiðandi er hann táknmynd bandarískra yfirvalda, ríðandi inn í framandi þorp með vaskan hóp undirmanna.

Þegar herflokkur Lewis er á leið í gegnum þorpið sýna hermennirnir og

43 Spence, bls. A54.

44 Sama heimild, bls. 209.

þorpsbúar hvert öðru forvitni. Majór Lewis kynnir þá Kína og Kínverja fyrir hermönnum sínum og áhorfendum um leið þegar hann segir: „Við erum næstum komnir til Peking, höfuðborgar Kína. Þetta er ævafor þjóð á mjög háu siðmenntunarstigi. Ekki fá neinar hugmyndir um að þið séuð eitthvað betri en þetta fólk einungis vegna þess að það talar ekki ensku.“ Svo gerir Lewis tilraun til að kenna hermönnum sínum að segja já og nei á kínversku því slíkt á að getað hjálpað mikið í samskiptum við heimamenn. Það er líkt og Lewis sé að reyna að breyta viðhorfi sinna undirmanna til Kínverja, fá þá til að sýna Kínverjum meiri virðingu og má því draga af því þá ályktun að hann sé einnig að tala til bandarískra áhorfenda, að áhorfendur í Bandaríkjunum hljóta þá einnig að hafa sömu ímynd á Kínverjum, sökum meðal annars þess að enskukunnátta Kínverja er ekki upp á marga fiska þá er álitid ekki mikið. Það má jafnvel draga þá ályktun að vegna þess að Kínverjar eru svo framandlegir samanborið við Bandaríkjamenn að það sé ein og sér ástæða til að sýna þeim vanvirðingu. Þó er greinilega sýndur áhugi hvors menningarheims á hvor öðrum með gagnkvæmri forvitni hermanna og þorpsbúa en með orðum Lewis er greinileg ímynd Kínverjans í augum Bandaríkjamannsins sú að Kínverjinn er ekki jafn siðmenntaður og Bandaríkjamannurinn.

Orð Lewis í bland við umhverfið virðast í fyrstu framsett til þess að skapa andstæður á milli menningarheima en Lewis bætir síðan við orð sín og segir: „Munið að hér, líkt og alls staðar í heiminum, hefur allt verð. Svo þið skulið borga það sem þið skuldið og ekki gera ráð fyrir ókeypis sýnishornum.“ Ókeypis sýnishorn ýtir undir þá ímynd að flest kvenfólk í Kína starfi í vændisiðnaðinum en kvenfólkið sem er að fylgjast með hermönnum sýna þó engin merki þess að vera vændiskonur.

Hermennirnir jánka yfirmanni sínum allir í kór af mikilli alvöru en fara síðan allir að skellihlæja ásamt því að Lewis er sýndur með háðungslegt glott á svip, brosandí út í annað munnvikið, líkt og það sé verið að gefa í skyn að þeir, og áhorfandinn, ættu ekki að vera taka orðum Lewis sérstaklega alvarlega. Þessi ævafor þjóð með sitt háa siðmenningarstig á því ekki skilið meiri virðingu líkt og hlátur hermanna og glott Lewis gefa til kynna.

Þessi sena þar sem Lewis og viðhorf Bandaríkjanna er kynnt til sögunnar er hægt að túlka sem vísun til fyrstu alvöru samskipta milli Kína og Bandaríkjanna sem áttu sér stað undir lok fyrra ópíumstríðsins. Eitt ákvæði Nanjingsamningssins sem gerður var á milli Qing-stjórnarinnar og bresku krúnunnar og varð undirstaðan í samningum annarra ríkja þar með talið Bandaríkjanna, var ákvæði sem tók skýrt fram að ef um ágreining væri að ræða milli skuldunauta og lánadrottna þýddi ekkert fyrir

Kínverja að kæra til yfirvalda, Qing-stjórnin tók enga afstöðu í slíkum málum en Bandaríkjamenn sem lenda í vandræðum með sína skuldunauta geta kært atburðinn í gegnum sinn konsúl sem síðan rekur málið til kínverskra yfirvalda.⁴⁵ Þegar Lewis segir sínum mönnum að borga sínar skuldir er hægt að líta á það sem viðurkenningu á því að þetta ákvæði Nanjingsamningsins hafi verið óréttlátt gagnvart Kínverjum og eins sem gagnrýni á stöðu Kína eftir seinni heimsstyrjöldina. Eins og áður hefur komið fram fóru sex milljarðar dollara til stuðnings Kínverjum í baráttu sinni við Japani og þegar Japanir voru sigraðir ákveða Kínverjar að taka stöðu með Sovétríkjunum í stað Bandaríkjanna þannig að líta má á þessi orð Lewis sem skilaboð til Kínverja alveg eins og skilaboð til sinna manna. Skilaboðin til Kínverja eru þá á þá leið að þeir skuli endurgreiða þessa fjármuni sem fór í baráttuna við Japani en glott Lewis í enda senunnar ásamt hlátri hermanna gefur einnig til kynna að þeir hafi ekki mikla trú á að slíkt verði að veruleika.

Lewis virðist einnig vera eini Vesturlandabúinn sem talar eilítið hrafl í kínversku ásamt því að vilja kenna öðrum nokkur orð. Án efa er það einnig vísun í samninginn sem Bandaríkjamenn gerðu við Qing-stjórnina við lok fyrra ópíumstríðsins. Í 18. grein samningsins fengu Bandaríkjamenn fyrstir útlendinga rétt til að ráða til sín kennara til að læra kínversku og fengu rétt til að kaupa sér allar tegundir bóka í Kína.⁴⁶ Þetta sýnir vilja Bandaríkjamanna til að aðlagast öðru menningarsamfélagi og viljann til að standa jafnfætis þeim innfæddu en ef við lítum til glotts Lewis ásamt hlátrasköllum undirmanna hans þá verður aftur spurt hversu mikið maður á að taka því alvarlega. Glottin gefa til kynna að þeir líti á Kínverja sem vanþróaðri þjóð þar sem allt fæst keypt fyrir rétta verðið. Í einu atriði myndarinnar er peningagræði Kínverja staðfest þegar rússneska barónessan Natalie Ivanoff, sem leikin var af Ava Gardner (1922-1990), reynir að kaupa sér ópíum í verslun í borginni. Verslunareigandinn harðneitar að selja slíkt en um leið og barónessan dregur upp demantshálsfesti í skiptum fyrir ópíum varð kínverski verslunareigandinn tilbúinn að kanna málið.

Áður en Lewis og menn hans koma til Beijing verða þeir vitni að því þegar Boxarar eru að refsa Breta nokkrum fyrir ótilgreindan glæp. Lewis býðst til að kaupa Bretann frjálsan en einungis ef hann er á lífi. Það kemur síðan í ljós að Bretinn er þegar látinn en Kínverjinn vill samt sem áður fá pening í formi einhvers konar skaðabóta því Lewis hefur truflað refsingarathöfnina. Þarna er því bæði verið að gagnrýna dómskerfið

45 „Treaty of peace, amity, and commerce, between the United States of America and the Chinese Empire“, Höfundur óþekktur. 1846. Sótt 1/2/2015 hjá Hathi Trust Digital Library af: <http://hdl.handle.net/2027/hvd.hncv31>, bls. 5.

46 Sama heimild, bls. 6.

í Kína ásamt því að gagnrýna menningarlega hefðarhyggju Kínverja. Líkt og áður kom fram voru refsingar við glæpum gríðarlega strangar í Kína og ef um útlending var að ræða þá giltu ekki sömu lög og fyrir Kínverja, líkt og verið hafði fyrir ópíum-stríðin.⁴⁷ Útlendingar gátu borgað sig burt frá refsingu en slíkt olli mikilli ólgu meðal Kínverja. Eins ef erlendi sökudólgurinn fannst ekki þá nægði það stundum kínverskum yfirvöldum að handtaka annan Vesturlandabúa í hans stað.⁴⁸ Þegar Lewis vill ekki borga fyrir dauða Bretann reynir Boxari að skjóta hann með rifli en liðsmaður Lewis kemur auga á Boxarann og skýtur hann áður en hann nær skoti á Lewis. Boxarinn með ríffillinn verður því táknmynd fyrir ólgu Kínverja í garð fullnustu refsingar fyrir útlendinga sem og þáttur í gagnrýni á gjörðir Bandaríkjamanna á þessum tíma því Lewis lætur undirmanninn sem skaut Boxarann borga tuttugu dollara sekt fyrir að drepa hann.

Samskipti og deilur

Lewis og menn hans komast á endanum til Beijing. Þegar þeir koma á hótelið sitt bíður Lewis póstur en Lewis er ekki lengi að hugsa sig um heldur biður um ruslafat til að geta hent póstinum. Afgreiðslumaðurinn spyr hann af hverju hann ætlar sér ekki að opna bréfið áður en hann fleygir þeim. Lewis segir: „Ef ég opna bréfið þá þarf ég að lesa það. Ef ég les bréfið þá þarf ég að svara því.“ Það er hægt að líta á þessi orð Lewis sem gagnrýni á stefnu bæði Kína og Bandaríkjanna gagnvart hvort öðru. Kínverjar voru ávallt mjög stefnufastir í samskiptum sínum við aðrar þjóðir og það er minnst á í myndini þegar fulltrúi bresku krúnunnar, Arthur Robertson sem leikinn er af David Niven (1910-1983), segir við Lewis á einum tímapunkti að þeir séu í Kína og að þeir „verða að spila leikinn eftir leikreglum Kína.“ En eftir að Alþýðulýðveldið Kína var stofnað voru utanríkismál ekki efst á blaði heldur snerist hlutverk stjórnvalda um að koma lagi á innviði Kína.⁴⁹ Mao fór á fund Josephs Stalins (1878-1953) stuttu eftir stofnun Alþýðulýðveldisins til að vinna að Sameiginlega aðstoðar-, bandalags- og vináttusamningnum en það má segja að það hafi verið einu samskiptin við aðrar þjóðir af einhverju ráði en samningurinn fólst fyrst og fremst í fjárhagsaðstoð til að styrkja innviði landsins. Það þýðir samt ekki að Kínverjar hafi ekki tekið þátt í

47 Spence, bls. 124.

48 Sama heimild, bls. 125.

49 Sama heimild, bls. 470.

alþjóðasamskiptum, þvert á móti var Kína með háværra rödd innan alþjóðasamfélagsins og unnu hart að því sæti Taiwan innan Sameinuðu þjóðanna. Eins vildu þeir viðurkenningu sem fullvalda ríki og báðu þeir um þá viðurkenningu frá þjóðum sem vildu „fylgjast með grundvallaratriðum jöfnuðar, sameiginlegan ágóða og sameiginlega virðingu fyrir landsvæði og fullveldi.“⁵⁰ Þessi viðurkenning var þó ekki án skilyrða því það fylgdi einnig að ekki yrði tekið við viðurkenningunni ef þjóðirnar hættu ekki samskiptum við uppreisnarmennina á Formósu og afsöluðu sér öllum þeim réttindum í Kína sem þær öðluðust á heimsvaldatímabilinu.⁵¹ Bandaríkin vildu ekki eiga í neinum samskiptum við Alþýðulýðveldið Kína, þeir vildu eiga í samskiptum við Lýðveldið Kína en voru búnir að missa alla trú á Chiang Kai-shek. Því voru því fáir valkostir eftir fyrir Bandaríkjamenn í stöðunni nema hætta alfarið að eiga í samskiptum við Kína sem væri ómögulegur kostur í ljósi þess að þetta eru risaþjóðir og það myndi reynast þeim ómögulegt að mætast ekki öðru hverju við fundarborð heimsstjórnmalanna.

Ásamt styrkingu á innviðum var sameining Kína lykilatriði á forgangslista kínverskra stjórnvalda en það fól í sér að ná yfirráðum yfir landssvæðum sem höfðu tapast áður líkt og Tíbet og Taiwan. Innlimun Tíbet var ekki erfitt verkefni fyrir kínverska herinn enda var mótspyrna lítil og alþjóðasamfélagið gerði ekkert til að aðstoða Tíbet.⁵² Þar er líkt og alþjóðasamfélagið væri hrætt við þetta nýja Alþýðulýðveldi eða litu svo á að þessi innlimun Tíbet hafi verið réttlátt og því voru engar aðgerðir settar í gang til að sporna við innlimun þess.

Taiwan var aftur á móti töluvert erfiðara mál. Það hafði verið samið um það á alþjóðavettvangi að þegar að heimsstyrjöldin síðari lyki myndi Taiwan verða að yfirráðasvæði Kínverja en Taiwan hafði verið hertekið af Japönnum frá 1895 til 1945.⁵³ CCP hafði því löggiltan alþjóðlegan samning, kallaður Kaíró-yfirlýsingin sem gaf Kínverjum rétt á Taiwan. Fyrir hönd Kínverja í þessum alþjóðasamningi var enginn annar en Chiang Kai-shek en því verður túlkun samningsins fremur snúin í ljósi þess að Chiang og Guomindang flúðu til Taiwan undir lok borgarastyrjaldarinnar. Chiang Kai-shek sat viðræðurnar fyrir hönd Lýðveldisins Kína en ekki fyrir Alþýðulýðveldið því gat Chiang túlkað yfirlýsinguna sem réttlætingu á yfirtöku Taiwan meðan CCP gat túlkað það á þann veg að Chiang hafi setið viðræðurnar fyrir hönd kínversku þjóðarinnar.

Chiang og Guomindang voru búnir að efla varnir eyjunnar mikið og þótti strax

50 Levi, Werner. *Modern China's Foreign Policy*. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1953, bls. 273.

51 Sama heimild, bls. 273.

52 Spence, bls. 471.

53 McAleavy, Henry. *The Modern History of China*. London: Weidenfeld and Nicholson, 1967, bls. 333.

í upphafi nokkuð víst að það myndi kosta miklar mannfórnir að hertaka eyjuna og vinna á bug Guomindang-liðum. Einn hershöfðingi í kínverska hernum sagði að Taiwan væri risastórt vandamál og að ná eyjunni „myndi verða stærstu hernaðarátök í sögu kínverskrar hernaðar.“⁵⁴ Þetta segir hann þrátt fyrir öll átök seinni heimsstyrjaldarinnar í Kína og öll hernaðarátök á tímum keisaraveldanna. Hershöfðinginn gerði sér því fulla grein fyrir því hvað þyrfti til til að ná yfirráðum yfir Taiwan. Stór hluti kínverska hersins var fluttur til Fujian héraðs til að undirbúa árás en það varð bið á átökum. Það er talið að yfirmenn CCP hafi litið svo á að mögulega væri best í stöðunni að bíða eilítið og vonast til að Taiwan-búar myndu gera uppreisn gegn Chiang Kai-shek og Guomindang-liðum og sjálfviljugir myndu íbúar Taiwans verða partur af Kína.⁵⁵ Truman Bandaríkjaforseti sagði í sjónvarpsávarpi 5. Janúar 1950: „Bandaríkin munu ekki veita neina hernaðaraðstoð né ráðgjöf til Kínverska hersins á Formósu.“⁵⁶ Þannig virtist sem Chiang og Guomindang hafi misst allann stuðning Bandaríkjanna og því fát sem gat komið í veg fyrir allsherjarinnrás Alþýðulýðveldisins á Taiwan. Bandaríkin höfðu, líkt og bandaríski ráðherrann, leikinn af leikstjóranum sjálfum Nicholas Ray (1911-1979), segir í myndinni: „engar landfræðilegar ívilnanir í Kína. Aldrei beðið um neinar, aldrei viljað neinar.“ Bandaríkin fengu þó landfræðilegar ívilnanir eftir ópíumstríðin bæði í Shanghai og Tianjin en það voru miklu minni svæði en aðrar Vesturlandþjóðir. Eftir seinni heimsstyrjöldina höfðu Bandaríkjamenn þó fært sig nær Kína með herstöðvum í Japan og Guam.

Kóreu-stríðið og áframhaldandi deilur

55 Days at Peking segir á einum tímapunkti að „blóði milljóna verður skvett“ í samhengi við Boxara uppreisnarinnar og þau áhrif sem vopnuð átök hafa á íbúa þjóðarinnar. Í samhengi samtíma myndarinnar þá er klárlega hægt að túlka orðin sem vísun til Kóreu-stríðsins 1950-1953. Þegar Boxararnir eru að gera áhlaup sitt á borgina þá segir einn hermaður Bandaríkjanna að það sé alveg sama hvað hann skýtur marga „það koma bara alltaf fleiri og fleiri.“ Slíkur var nákvæmlega raunveruleiki hermanna Sameinuðu þjóðanna þegar kínverskir hermenn byrjuðu að streyma yfir landamærin til

54 Spence, bls. 471.

55 Sama heimild, bls. 472.

56 McAleavy, bls. 334.

Norður-Kóreu og fór að taka þátt í átökunum. Kínverjar misstu á bilinu 700-900 þúsund manns í Kóreu-stríðinu.⁵⁷

Það er hægt að sjá sterkar hliðstæður í baráttu Boxaranna og átakanna í Kóreu-stríðinu. Hermenn í útlendingahverfinu voru miklu betur vopnum búnir heldur en Boxaranir, höfðu reynslu sem hermenn og margir hverjir menntaðir hermenn meðan Boxaranir voru flestir ómenntaðir bændur eða verkamenn úr sveitinni. Eins er hægt að sjá hliðstæðu ef litið er til fjölda hermanna, kínverskir hermenn voru miklu fleiri en hermenn Sameinuðu þjóðanna.

Það sem breytti öllum áformum Kínverja um innrás á Taiwan var upphaf Kóreustríðsins 25. júní 1950. Þúsundir norður-kóreskra hermanna streymdu yfir landamærin til Suður-Kóreu. Leiðtogi Norður-Kóreu var Kim Il-Sung (1912-1994) sem hafði bæði stuðning Sovétríkjanna og tengsl við CCP. Öryggisnefnd Sameinuðu þjóðanna fundaði sama dag og heimtaði að norður-kóreskir hermenn myndi draga sig til baka úr Suður-Kóreu og halda sig fyrir ofan 38. breiddargráðu. Eins bað Öryggisnefndin öll aðildarríki um aðstoð við úrlausn málsins sem og halda aftur allri aðstoð sem gefin væri norður-kóreskum stjórnvöldum.⁵⁸ Tveimur dögum síðar, þann 27. júní, gaf Truman Bandaríkjaforseti þau skipanir til bandaríska flughersins að hann ætti að aðstoða suður-kóreska herinn í að brjóta á bak aftur innrásina.⁵⁹ Eins var sendur bandarískur floti var á Taiwan-sund til að koma í veg fyrir innrás á Taiwan.⁶⁰ Þegar her Sameinuðu þjóðanna, þar sem Bandaríkjamenn voru fyrirferðamestir, voru búnir að þrýsta hermönnum Norður-Kóreu alla leið norður að landamærum Kína þá brást Kína við og byrjaði að senda liðsmenn í hundruð þúsunda talið til Norður-Kóreu til að reyna að ýta liði Sameinuðu þjóðanna aftur fyrir neðan 38. breiddargráðu.

Það virðist því sem bandarísk yfirvöld hafi túlkað ástandið þannig að Norður-Kórea og Kína væru að vinna saman í hernaðaraðgerðum, að þessi innrás Norður-Kóreu á Suður-Kóreu væri undanfari innrásar Kínverja á Taiwan.

57 Spence, bls. 475.

58 Cheng, bls. 6.

59 Sama heimild, bls. 6.

60 Fairbank og Goldmann,, bls. 340.

Hver er óvinurinn?

Það kemur skýrt í *55 Days at Peking* sú afstaða Vesturlandaþjóðanna að það séu ávallt þær á móti Kínverjum. „Við stöndum sameinaðir“ segir Robertson við fulltrúa vesturveldanna. Eins er minnst sérstaklega á stríð vegna hugsjóna, sem er hægt að túlka sem stríð vegna hugmyndafræði. Það er áhugavert að Robertson skuli orða þetta á þann hátt sem hann gerir. Hann tekur skýrt fram að þeir séu að berjast „vegna“ ekki „við“, þannig birtist óttinn við að önnur hugmyndafræði nái rótum í eigin samfélagi. Það er því hægt að túlka þessi orð myndarinnar sem vísun til bæði Kóreu- og kalda stríðsins.

Eftir Kóreu-stríðið fór óttinn við kjarnorkustríð stigmagnandi og þær hugmyndir um hver væri „óvinurinn“ voru ávallt að vera sterkari og sterkari í allri umræðu um Kína. Milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna var ávallt spenna vegna kjarnorkustríðsótta en hugmyndir ráðamanna í Kína voru með öðru móti. Þar var ekki ýtt undir ótta heldur þvert á móti. Mao opinberlega ögraði hugmyndafræði vesturveldanna með því að segjast fagna kjarnorkustríði því eina sem slíkt stríð myndi sýna og sanna væri þrautsegja kínversku þjóðarinnar.⁶¹ Hann vísaði í kínverska sögu máli sínu til stuðnings, til áruna 220-280 e. Kr. þegar fólksfjöldi Kínverja hrundi úr 50 milljónum niður í 10 milljónir og vildi hann meina að spennan milli stórveldanna á hans tíma væri alveg hliðstæð fyrr á öldum í Kína.⁶² Á þeim tíma náðu Kínverjar að jafna sig og dafna eftir fólksfækkunina og gætu með sama hætti gert það á ný í kjölfar kjarnorkustríðs. Hann sagði sig og Kínverja vera ónæma fyrir kjarnorkusprengrum.⁶³ Mao var því að nýta sér ímynd Boxaranna og líkja sjálfum sér og kínversku þjóðinni við þá með því að segjast vera ónæmur fyrir vopnum andstæðingsins.

Þetta hafði þau áhrif að Bandaríkjamönnum var einfaldlega bannað að ferðast til Kína. Það var ekki sökum þess að Alþýðulýðveldið Kína vildi ekki gefa út vegabréfsáritun heldur voru það bandarísk yfirvöld sem vildu ekki hleypa sínum borgurum þangað. Bandarískir fréttamenn reyndu mikið að fá ferðaleyfi til að skoða þennan óvin Bandaríkjanna en allt kom fyrir ekki. Dwight D. Eisenhower (1890-1961) Bandaríkjaforseti segir 7. mars 1957 varðandi Kína í viðtali að utanríkisráðuneytið: „sé að reyna að fá fréttir frá Kína án þess að samþykkja rauða Kína líkt og við gerum við ... aðrar þjóðir.“⁶⁴ John Foster Dulles (1888-1959) utanríkisráðherra Bandaríkjanna sagði

61 Kissinger, Henry. *On China*, London: Penguin Books, 2011, bls. 101.

62 Sama heimild, bls. 7.

63 Sama heimild, bls. 101.

64 Cheng, bls. 70.

að bandarískir fréttamenn gætu alveg ferðast til Kína, þeir mættu bara ekki nota bandaríska vegabréfið til ferðalagsins.⁶⁵ 22. ágúst 1957 gaf Dulles leyfi fyrir bandaríska fréttamenn til að fara til Kína í sjö mánaða tilraunartímabil en kínverskir fréttamenn fengu ekki leyfi til að koma til Bandaríkjanna.⁶⁶ Ástæðan var ekki sú að þeir voru Kínverjar heldur eingöngu að þeir voru kommúnistar. Það er í raun ótrúlegt að Bandaríkjamenn hafi verið svona hræddir við að fá kommúnista til landsins. Það er líkt og þeir hafi óttast kommúníska hugmyndafræði jafnmikið og hættulega smitsjúkdóma.

Vesturlandabúarnir í *55 Days at Peking* eru framsettir á sama hátt og stefna Bandaríkjanna. Þeir taka mjög alvarlega útbreiðslu Boxarana, þeirra vopn og bardagafimi en þeir hafa ekki mikla trú á hugmyndafræðinni. Það sést skýrast í myndinni þegar Prins Duan (Duān jùn Wáng 端郡王 1856-1922) sem leikinn er af Robert Helpmann (1909-1986) kemur til veislu hjá vesturveldunum með nokkra Boxara sem ætla að sýna fími sýna í bardagaípróttum. Eftir mikla sýningu þá spyr Prins Duan hvort Lewis sé ekki tilbúinn að prófa að að keppa við Boxara í skylmingum. Lewis spyr hvort þau séu ekki hrædd um að hann muni meiða Boxarann og þá svarar Prins Duan á þá leið að hann geti ekki sært Boxarann. Líkt og áður kom fram þá trúðu þeir á galdra og í þeirri trú fólst að hefðbundinn vopn gætu ekki sært Boxarana. Lewis snýr sér ekki í átt Boxarans sem hann átti að skylmast við heldur snýr hann sé að stærsta Boxaranum sem er á svæðinu og rekur sverðið í magastað, samt ekki nægilega djúpt til að særa Boxarann. Lewis uppsker skelfingarsvip frá Boxaranum sem bakkar úti horn meðan Lewis heldur áfram að reka sverðið í magastað á Boxaranum. Þegar Boxarinn er svo kominn út í horn þá finnst Lewis það ekki nóg til að sýna vald sitt yfir Boxaranum heldur ákveður að sparka fótunum undan honum til að undirstrika það að það sé hann sem stjórnar.

Einnig má finna samsvarandi hliðstæður í viðhorfum Boxaranna í garð vesturveldanna. Alveg eins og stjórnvöld í Kína voru tilbúinn að hleypa Bandaríkjamönnum inn í landið þá eru Boxaranir í *55 Days at Peking* duglegir við að nota afurðir vesturveldanna ef það hjálpaði þeim í þeirra baráttu. Það sést eina best í því hvernig þeir eru vopnaðir en það á einnig rætur sína að rekja til þess að keisararinn gekk til liðs við Boxarana til að freista þess að losna alveg við allar þjóðirnar sem voru búnar að byggja upp sérstök iðnaðarhverfi víðsvegar um Kína. Boxarauppreisnin þróaðist því úr ólgu í sveitinni yfir í stríð milli Kína og tólf erlendra þjóða á kínveskri

65 Cheng, bls. 73.

66 Sama heimild, bls. 76.

grundu og því hægt að líkja því enn á ný við Kóreu-stríðið þar sem í upphafi voru það Norður-Kórea á móti Suður-Kóreu en þróast síðar yfir í að vera Norður-Kórea og Kína á móti fjölþjóðaher Sameinuðu þjóðanna.

Framsetning rauðu hættunnar í *55 Days at Peking* er eftirtektarverð. Hótanir sem byrja að berast frá Boxurunum í garð Vesturlandabúanna eru í formi hnífa sem eru skildir eftir á hinum ýmsu stöðum. Ávallt er búið að binda rauðan borða við hnífinn. Eins eru allir Boxarar klæddir í föt sem eru með einhverjum rauðum línnum eða rauðum táknum. Fötin ásamt hnífunum vísa því beint í kommúnistaóttann sem var við lýði á sjötta og sjöunda áratugnum.

Niðurlag

Það er greinilegt að þjóðirnar virðast virða lítið hugmyndafræði hvors annars. Bandaríkjamenn óttast hugmyndafræði Kínverja meira en Kínverjar óttast hugmyndafræði Bandaríkjanna. Væntanlega er það ástæðan fyrir því að þessi ágreiningur milli „okkar“ og „hinna“ er svona sterkur í samhengi *55 Days at Peking*. Það er lítið minnst á venjulegt fólk og afdrif þeirra nema í samhengi hörmunga stríðsreksturs. Það er ekki einungis gert á milli vesturveldanna og Kína heldur er kínversku þjóðinni einnig skipt upp. Þjóðinni er skipt í tvennt, efst er Cixi og hennar undirmenn, svo eru það Boxaranir sem eru táknmynd hins hefðbundna Kínverja. Það er því lítið öðruvísi á stjórnendum en hinn almenna þegn. Gömlu mennirnir tveir í upphafi eru í raun eina dæmið um venjulegan Kínverja sem er ótengdur pólitískri baráttu. Því verður að líta svo á að samkvæmt myndinni séu allir Kínverjar kommúnistar og allir standa þeir saman gegn „okkur“. Kínverjinn lendir svo í því hlutverki að vera táknmynd hins kúgaða og hefur því ekki rödd nema í gegnum keisaraynjuna og undirmenn hennar. Kínverjinn fær aldrei að útskýra eiginn málstað, ævinlega eru það fulltrúar keisaraynjunar sem sjá um þær túlkanir. Þess vegna verður það svo mikilvægt að bandarískir fréttamenn fengu ekki leyfi til að ferðast til Kína og segja fréttir af rauða Kína. Ef það koma engar fréttir þurfa yfirvöld ekki að svara fyrir þær eða útskýra þær alveg eins og Lewis þegar hann vildi ekki opna bréfin sín.

Þróun samskipta milli Kína og Bandaríkjanna fer í tilfelli Bandaríkjanna úr því að snúast um skyldur gagnvart heimalandinu og forvitni yfir í vantraust vegna hugmyndafræði, ekki vegna gjörða heldur hugsjóna. Þegar svo almenningur í Bandaríkjunum fær ekki fréttir frá Kína nema í gengum sjónvarpsávörp stjórnámálanna þá verður ímynd Kínverjans ávallt verri og verri.

55 Days at Peking vísar til tveggja ólíkra tíma. Keisaraveldinu Kína er stillt upp á móti Alþýðulýðveldinu Kína. Áhrif stjórnartíðar Chiang Kai-shek í Kína hafði mikil áhrif á samskiptin á milli Alþýðulýðveldins Kína og Bandaríkjanna og gjörðir Chiang í hans stjórnartíð í Kína höfðu oft meira vægi en gjörðir Mao og CCP í ákvarðanatöku bandarískra stjórnvalda. Með því að blanda saman vísunum í tvo ólík tímabil úr sögu Kína er birt ímynd sem Kínverjar höfðu í augum vesturveldanna í kjölfar ópíumstríðanna og á því niðurlægingartímabili sem kom í kjölfar þeirra.

Það er að segja að Alþýðulýðveldið Kína er ný fullvalda þjóð með nýjar stefnur og hugmyndir og því óréttlátt að tengja misgjörðir fyrri valdhafa við nýju valdhafana. Ímynd hins almenna Kínverja er oft einstaklega yfirborðskennd og beinlínis röng. Ef við ætlum að reyna að draga lærdóm af heimssögu í gegnum kvikmynd á borð við þessa væri niðurstaðan sú að það væri hægt að skipta Kínverjum í tvo flokka: Þeir sem kúga og þeir kúguðu. Þeir sem kúga eru stjórnvöld og þeirra ráðabrigg meðan almenni Kínverjinn er sá kúgaði sem stundar vændi og eiturlyfjasölu til að eiga sér til matar ásamt því að trúá á galdra og notast við úrelt dómsvalds- og hegningarkerfi. Vesturveldin eru einnig sýnd sem kúgarar sem kúga Kína.

Kvikmyndir ýkja oft staðalímyndir til að vera fullviss um að áhorfandinn dragi rétta ályktun án þess að þurfa að segja honum eitt né neitt. Ýkjur kvikmynda reyna að einfalda sjónrænar upplýsingar svo að áhorfandinn þurfi að hugsa sem minnst. Með því að tengja saman samtímann við Boxara uppreisnina er verið að gagnrýna utan- og innanríkismál beggja þjóða ásamt því að réttlæta gjörðir og misgjörðir. Þegar hinn almenni Kínverji er sýndur sem óútreiknanlegur Boxari sem hatar útlendinga og telur sig ónæman fyrir vopnum óvinarins verður óttinn við „hinn aðilann“ ávallt sterkari í augum bandaríks almennings.

Heimildaskrá

- Cheng, Peter, *A Chronology of the People's Republic of China – from October 1, 1949*. Totowa: Littlefield, Adams & Co., 1972.
- Chesneaux, Jean, Bastid, Marianne og Bergère, Marie-Claire. *China – From the Opium Wars to the 1911 Revolution*. Þýð. Anne Destenay. New York: Random House, 1976.
- Comolli, Jean-Louis og Narboni, Jean. „Kvikmyndir, hugmyndafræði, gagnrýni.“ *Áfangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson. Reykjavík: Forlagið, 2003.
- Fairbank, John King og Goldman, Merle, *China: A New History*. 2. útgáfa. London: The Belknap Press of Harvard University Press, 2006.
- Geselbracht, Raymond H., „The Truman Administration During 1949: A Chronology“. Sótt 15/4/2015 af: <http://www.trumanlibrary.org/chron/49chron2.htm>
- Gestur Guðmundsson, *Félagsfræði menntunar – Kenningar, hugtök, rannsóknir og sögulegt samhengi*, 2. útgáfa, Reykjavík: Skrudda, 2012.
- Hamby, Alonzo L. ritstj., „American President: Harry Truman.“ Sótt 20/3/2015 hjá Miller Center, University of Virginia af: <http://millercenter.org/president/truman/essays/biography/5>.
- Horkheimer, Max og Adorno, Theodor W., „Menningariðnaður. Upplýsing sem mágsefjun.“ *Áfangar í kvikmyndafræðum*, ritstj. Guðni Elísson. Reykjavík: Forlagið, 2003.
- Kissinger, Henry. *On China*. London: Penguin Books, 2011.

Levi, Werner. *Modern China's Foreign Policy*. Minneapolis: University of Minnesota Press, 1953.

Jones, Louis. „The „Dixie Mission“ to the Communist Chinese.“ úr *40th Bomb Group Association Memories*. 14. mars 1987. Sótt 2/5/2015 af:
<http://40thbombgroup.org/memories/Memories14.pdf>.

McAleavy, Henry. *The Modern History of China*. London: Weidenfeld and Nicholson, 1967.

Nakajima, Mineo, „Foreign Relations: from the Korean War to the Bandung.“ úr *The Cambridge History of China – Volume 14. The People's Republic, Part I: The Emergence of Revolutionary China 1949-1965*, ritstj. Denis Twitchett og John K. Fairbank. Cambridge: Cambridge University Press, 1987. Bls. 259-290.

Rodzinski, Witold, *The People's Republic of China – A Concise Political History*. New York: The Free Press, 1988.

Salmi, Hannu. „Film as Historical Narrative“ úr *Film-Historia*, Vol. V, 1995, bls. 45-54. 1. Sótt 5/1/2015 af:
<http://www.publicacions.ub.edu/bibliotecadigital/cinema/filmhistoria/Art.Salmi.pdf>.

Short, Philip. *Mao: A Life*. New York: Henry Holt and Company, 2000.

Spence, Jonathan D., *The Search for Modern China*. 3ja útgáfa. New York: W.W. Norton & Company, 2013.

Stuart, John Leighton. *Fifty Years in China – The Memoirs of John Leighton Stuart, Missionary and Ambassador*. New York: Random House, 1954.

The Yi Ho Tuan Movement of 1900. Beijing: Foreign Language Press, 1976.

Thompson, Kristin og Bordwell, David. *Film History. An Introduction*. New York: McGraw-Hill Higher Education, 2010.

„Treaty of peace, amity, and commerce, between the United States of America and the Chinese Empire“, Höfundur óþekktur. 1846. Sótt 1/2/2015 hjá Hathi Trust Digital Library af: <http://hdl.handle.net/2027/hvd.hncv31>

Kvikmyndalisti

Ray, Nicholas. *55 Days at Peking*. Samuel Bronston Productions. Bandaríkin. 1963.

Ray, Nicholas. *Johnny Guitar*. Republic Pictures. Bandaríkin. 1954.

Ray, Nicholas. *Kings of Kings* Samuel Bronston Productions, Metro-Goldwyn-Mayer (MGM). Bandaríkin. 1961.

Ray, Nicholas. *In a Lonely Place*. Columbia Pictures Corporation, Santana Pictures Corporation. Bandaríkin. 1950.

Ray, Nicholas. *Rebel Without a Cause*. Warner Bros. Bandaríkin. 1955.